

Ed.

214. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir frv. er ætlast til, að sá tími, sem ætlaður er til að semja kjörskrá til Alþingiskosninga, sje fyrir Reykjavík lengdur um einn mánuð.

Nefndin getur fallist á ástæður þær, sem borgarstjóri færir fyrir nauðsyn þessarar breytingar í brjefi, dags. 20. f. m., sem prentað er með frv.

En þó að vel geti verið, að einna brýnust þörf sje fyrir þessar breytingar hvað Reykjavík snertir, er þess jafnframt að gæta, að miklir erfðleikar eru á því í ýmsum sveitum landsins, ef veðráttá er slæm, að manntali geti verið þar lokið svo snemma, sem þarf til þess að hægt sje að semja kjörskrárnar á lög-mæltum tíma.

Það verður því að líta svo á, að viðar en í Reykjavík geti það verið vandkvæðum bundið að hafa lokið samningu kjörskrána fyrir 1. febrúar, og að rjettara sje því, að tíminn til þessa starfa sje lengdur um einn mánuð, bæði í kaupstöðum og sveitum, og sje framvegis hinn sami á öllu landinu eins og verið hefir.

Nefndin leggur því til, að háttv. deild samþ. frv. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í 9. gr. laganna komi: febrúarmánuði í stað »janúarmánuði«, og 1. mars í stað »1. febrúar«.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Í 15. gr. laganna komi: 1. dag maimánaðar í stað »1. dag aprilmánaðar«, og 1. dag júnimánaðar í stað »1. dag maimánaðar«.

Alþingi, 24. mars 1926.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Eggert Pálsson,
fundaskr.

Guðm. Ólafsson,
frsm.